

# Íslenska fyrir erlenda starfsmenn á dvalarheimilum

## Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi

Lok verkefnis: **20.06.2019**

### 1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega

Starfstengd íslenska fyrir erlenda starfsmenn sem starfa á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi.

### 2. Um verkefnið

Samkvæmt upplýsingum frá Guðrúnu Berglindi forstöðukonu Hjallatúns eru u.þ.b. 25% af starfsmönnum heimilisins erlendir og tala þeir og skilja mjög litla íslensku. Verkefni snerist um að þróa og kenna 60 stunda starfstengt íslensku námskeið fyrir einstaklinga af erlendum uppruna sem eru í starfi á dvalar og hjúkrunarheimilum.

### 3. Markmið verkefnis

Að gera námsefni sem eflir sérstaklega starfsmenn af erlendum uppruna í starfi á dvalar- og hjúkrunarheimilum til að skilja og tala íslenskt mál svo þeir geti sinnt þar þörfum og óskum skjólstæðinga sinna.

### 4. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?

Verkefnið er unnið í fullri samvinnu við Dvalarheimilið Hjallatún í Vík í Mýrdal sem er rekið af Mýrdalshreppi.

### 5. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?

Með verkefninu er verið að koma til móts við fólk með stutta skólagöngu, fólk af erlendum uppruna og fólk sem býr við ójafna stöðu og gefa því aukin tækifæri til starfsþátttöku og náms.

### 6. Lokaafurð/ir verkefnis

Íslensk-ensk-pólskur [orða- og setningalisti](#) varð til samhliða námskeiðinu, sem nota má fyrir starfsmenn annarra dvalar og hjúkrunarheimila.